



## VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

22. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 8. desember kl. 15:30 í Blæ, fundarsal í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri. Einnig sat fundinn undir lið 1, Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Hér var gengið til dagskrár:

**1. Hitaveita Grafarhverfis.**

Á fundinn mættu Bjarni Thoroddssen og Daði Jóhannesson og gerðu grein fyrir verkefni varðandi nýtingu á borholu Hitaveitu Grafarhverfis til kolsýruvinnslu.

*Stjórn lýst vel á þær hugmyndir sem hér komu fram og samþykkir að fela sveitarstjóra sem jafnframt situr í stjórn Hitaveitu Grafarhverfis ehf að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.**

Íþróttahús: þar mun á næstu dögum hefjast uppsetning á lyftu. Gert er ráð fyrir verklokum á árinu. Félagsheimilið: Framkvæmdum er að lang stærstu leyti lokið við ráðhús og bókasafn en eitthvað smálegt er þó eftir. Nú eru í gangi breytingar á búningsklefa með það fyrir augum að þar verði til meðferðarherbergi sem leigt verði út.

Framkvæmdir við leikskóla: framkvæmdir ganga vel við breytingar á eldra ráðhúsi í leikskóladeild. Ný deild mun opna strax eftir jólafrí og í framhaldinu verða gerðar breytingar á eldra húsnæði. Kjallari Hrunamannavegar 3: búið er að taka húsnæðið í notkun.

Lyfsala: Framkvæmdir eru á lokastigi og eftir morgundaginn verður húsnæðið að mestu tilbúið. Innréttingar koma undir lok árs.

**3. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.**

Veituframkvæmdir: unnið er að tengingu heimæða á nokkrum stöðum en annars eru verkefni helst tengd vatnsöflun sem sérstaklega er fjallað um hér á eftir.

ÆES

SS

HA DCS

BL

AKA

HC

**4. Vatnsveitan – staðan, umsóknir og áform í skipulagsferli.**

Umræða um stöðu vatnsöflunar og framhaldið varðandi Blákvíslarveitu. Erindi hefur borist þar sem ítrekuð er ósk um neysluvatn frá íbúum í Reykjadal, bæði ábúendum og sumahúsaeigendum á svæðinu en á fundi Veitustjórnar þann 24. ágúst 2024 var samþykkt að hefja undirbúning að lagningu kaldavatnsveitu að umræddu svæði. Einnig var rætt um neysluvatnslagnir til bæjarhúsa á Skollagróf sem og vænta uppbyggingu sumarhúsahverfa í Hrafnabjörgum og Langholtskoti. Veitustjóri gerði grein fyrir undirbúningsvinnu að Blákvíslarveitu en óskað hefur verið eftir nýtingarleyfi frá forsætisráðuneyti og til Orkustofnunar.

*Stjórn telur ljóst að mjög brýnt er að ráðast í Blákvíslarveitu sem allra fyrst því vatnsból sveitarfélagsins eru í dag fullnýtt og mjög erfitt ef ekki ómögulegt er að tengja nýja notendur við vatnsveituna.*

**5. Færsla á slökkvistöð – staðsetning og kostnaður .**

Lögð fram kostnaðaráætlun veitustjóra vegna flutnings núverandi slökkvistöðvar á lóð áhaldahússins þegar hún verður lögð af með tilkomu nýrrar björgunarmiðstöðvar. Í kostnaðaráætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður geti numið um 9,5 m.kr.

*Stjórn samþykkir að áfram verði unnið að flutningi slökkvistöðvarinnar í samræmi við þau áform sem hér voru kynnt.*

**6. Skýrsla frá Lotu ehf – hljóðmæling í leik- og grunnskóla á Flúðum.**

Lögð fram greinargerð frá Lotu ehf varðandi hljóðvistarmælingar í leik- og grunnskóla. Í greinargerðinni koma fram tillögur til úrbóta.

*Yfirmanni eignasjóðs og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

**7. Fundargerð Baseload power frá 11. nóvember 2025.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**8. Fundargerð frá samráðsfundi Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps frá 4. nóv. 2025.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:28.

*Ken E. Sigurðsson*



*KÓUNÐUR HARAVALÐUR  
Dati Geir Samuelsson*

*Þjarnýr Vignisdóttir  
Gunnar K. Geirsson*

*Alfriður Hafsteinsson  
Samuel Arnesen*